

Fyrir *Hagmál*, 15. marz 1994.

Heimur úr hafti

eftir Þorvald Gylfason

I. Átta lönd í Austur-Asíu

Alþjóðabankinn hefur nýlega sent frá sér eftirtektarverða greinargerð um hagþróun í átta Austur-Asíulöndum, þeim löndum álfunnar, sem hafa náð mestum árangri í efnahagsmálum síðast liðinn aldarfjórðung.¹ Þessi lönd eru Japan; "tígrisdýrin fjögur", sem svo eru nefnd: Hong Kong, Kórea, Singapur og Tævan; og loks þrjú "ný" iðnríki: Indónesía, Malasía og Tæland.

Hver er árangurinn? Látum hagtölurnar tala. Þjóðarframleiðsla á mann jókst um 5½% á ári að meðaltali í þessum átta löndum árin 1965-90 borið saman við 2½% hagvöxt á mann á ári í aðildarlöndum OECD og aðeins ¼% á ári í Afríku sunnan Sahara-eyðimerkurinnar. Þessar tölur fela það í sér, að þjóðarframleiðsla á mann fjórfaldaðist eða því sem næst í Austur-Asíulöndunum átta, á meðan hún tæplega tvöfaldaðist í OECD-löndunum og stóð nokkurn veginn í stað í Afríku. Þessum átta Asíulöndum tókst því að mjókka lífskjarabilið á milli íbúa sinna og iðnríkjanna um helming á aðeins 25 árum. Fólkið í þessum löndum hefur lifað sannkallaða lífskjarabyltingu. Þjóðartekjur á mann í Hong Kong og Singapur eru þegar komnar upp fyrir tekjur á mann á Írlandi og Nýja-Sjálandi og munu fara

¹ *The East Asian Miracle: Economic Growth and Public Policy*, The World Bank, Washington, D.C., 1993.

fram úr tekjum á mann í móðurveldinu Bretlandi innan fárra ára með sama áframhaldi. Það er því af, sem áður var. Þetta jaðrar við kraftaverk.

Hvernig gerðist þetta? Nú er hagvöxtur auðvitað fjölbreytt og flókið fyrirbæri og á sér yfirleitt ýmsar uppsprettur af ólíku tagi og stundum djúpar rætur í innviðum atvinnulífsins á hverjum stað. Á því getur samt ekki leikið nokkur vafi, að hagvaxtarundrið í Austur-Asíu er að miklu leyti ávöxtur agaðrar og hyggilegrar hagstjórnar. Þetta er einmitt túlkun hagfræðinga Alþjóðabankans á atburðarásinni þarna austur frá, þar sem sólin kemur upp.

Þrennt virðist skipta mestu máli í þessu viðfangi: (1) sparnaður og skynsamleg fjárfesting í skjóli frjós og stöðugs efnahagsumhverfis, (2) aukin vinnuafköst í krafti góðrar menntunar á öllum skólastigum og (3) sérhæfing og hagkvæmni í framleiðslu með frjálsum, miklum og vaxandi viðskiptum við umheiminn.

II. Sparnaður, fjárfesting og verðbólga

Sköðum sparnaðinn fyrst. Innlendur sparnaður jókst úr 16% af landsframleiðslu 1965 í 37% 1990 í þessum átta löndum í heild. Fjárfesting jókst að sama skapi úr 20% af landsframleiðslu 1965 í 35% 1990. Takið eftir þessu: fjárfestingin jókst minna en sparnaðurinn og hélzt í hendur við afgang á erlendum viðskiptum og eignasöfnun í lok tímabilsins. Til samanburðar námu sparnaður og fjárfesting í OECD-löndunum 22% af landsframleiðslu að meðaltali 1991 og hafa minnkað lítillega síðast liðin 20 ár fremur en hitt.

Í Afríku sunnan Sahara eru sparnaður og fjárfesting hins vegar um eða innan við 10% af landsframleiðslu. Fjármagnið þar er of lítið. Efnahagur Afríkubjóðanna hvílir á veikum grunni að þessu leyti.

Hvað um það, Austur-Asíuþjóðirnar hafa lagt miklu meira til hliðar en íbúar iðnríkjanna innan OECD og hafa því búið mun betur í haginn fyrir framtíðina, því að sparnaður fólks og fyrirtækja og arðbær fjárfesting eru veigamikil uppspretta auðs og vaxtar og um leið forsenda bættra lífskjara, þegar frá líður.

Stjórnvöld í þessum Asíulöndum áttu mikilsverðan þátt í að skapa skilyrði til aukins sparnaðar langt umfram önnur þróunarlönd með því að halda verðbólgu í skefjum meðal annars. Verðbólga var 7½% á ári að meðaltali 1961-91 í þessum átta löndum og því miklu minni en víðast hvar annars staðar utan iðnríkjanna í OECD á sama tíma. Til samanburðar var verðbólga 20% á ári að meðaltali í Afríku þennan tíma, 192% á ári í Suður-Ameríku og 62% á ári í öllum lág- og meðaltekjulöndum heims að jafnaði. Lítilli verðbólgu fylgdu jákvæðir raunvextir yfirleitt og raunhæft gengi, svo að fjármagn og framleiðsla leituðu í arðbæra farvegi. Í öðrum þróunarlöndum hafa neikvæðir raunvextir og röng gengisskráning á hinn bóginn verið regla, en ekki undantekning. Verðmætt fjármagn hefur því farið í súginn þar í stórum stíl. Undirstaða atvinnulífsins og lífskjara fólksins hefur veikt að sama skapi.

Hver hefur þróunin verið hér heima þennan tíma? Hér hefur fjárfesting dregið saman miðað við landsframleiðslu, og sparnaður hefur rýrnað enn meira (myndir 1 og 2). Við höfum því safnað skuldum, á meðan Austur-Asíuþjóðirnar hafa safnað eignum síðustu ár. Við lögðum meira til hliðar og festum meira fé en þessar þjóðir 1965, en aldarfjórðungi síðar vorum við orðnir hálfdrættingar á við þær í þessum efnum og varla það.

Myndir 1 og 2 hér.

III. Menntun og mannaudur

Almannavaldið í Austur-Asíulöndunum átta hefur sýnt næman skilning á framlagi góðrar menntunar til andlegra og efnalegra framfara. Grunnmenntun nær til allra barna í þessum löndum ólíkt mörgum öðrum þróunarlöndum. Aðeins annað hvert barn gengur í grunnskóla í Bangladesh og Pakistan til samanburðar, á meðan næstum helmingur allra unglinga í Indónesíu sækir framhaldsskóla. Aðsókn að framhaldsskólum í Hong Kong jókst úr 29% af hverjum árgangi ungmenna 1965 í 74% 1987. Í Kóreu jókst aðsókn að framhaldsskólum úr 35% upp í 88% á sama kvarða. Stúlkur njóta skólagöngu til jafns við drengi í öllum löndunum átta nema Indónesíu.

Útgjöld ríkis og byggða til menntamála eru að vísu ófullkominn mælikvarði á menntun fólksins, en þau veita þó vísbindingu. Ríkisútgjöld á hvern nemanda jukust um 355% í Kóreu á föstu verðlagi frá 1970 til 1989 á móti 64% og 38% aukningu í Mexíkó og Kenýu til samanburðar og aðeins 13% aukningu í Pakistan frá 1970 til 1985.

Eitt lítið dæmi úr japanska skólakerfinu ætti að duga til að bregða birtu á þann metnað, sem börn og foreldrar leggja í menntun þar austur frá:

$$\frac{\sqrt{6}}{54} - \frac{1}{4} \text{ (lightbulb)}^3.$$

Þetta er svar við spurningu, sem var lögð nýlega fyrir nemendur á inntökuprófi í ríkisháskólanum í Tókýó -- í heimspekideildinni. Flestar samanburðarathuganir benda til þess, að japanskir og kóreskir nemendur séu yfirleitt mun betur að sér í stærðfræði og ýmsum öðrum mikilvægum námsgreinum en jafnaldrar þeirra í Evrópu og Ameríku.

Menntun örvar hagvöxt með ýmsu móti. Reynslan sýnir, að fáir fjárfestingarkostir skila meiri arði til einstaklinga og til samfélagsins í heild en einmitt fjárfesting í mannaúði. Góð og almenn menntun er verðmætasta og varanlegasta auðlind, sem nokkur þjóð getur átt. Hér er ekki um það eitt að ræða, að vel þjálfað vinnuafli skilar yfirleitt meiri og betri afköstum en fákunnandi fólk. Við þetta bætist það, að andrúmsloftið í vel menntuðu mannfélagi batnar að ýmsu leyti, því að menn njóta ekki þess eins að kunna sjálfir að lesa og skrifa og reikna, heldur einnig hins, að aðrir kunna það líka. Þar að auki heilt bætt menntun yfirleitt í hendur við aukinn jöfnuð í skiptingu auðs og tekna og meira þjóðfélagsréttlæti, því að ófrelsi, fáfræði og ranglæti hörfa yfirleitt undan upplýstu fólk. Þetta stuðlar að sínu leyti að friðsamlegri þjóðfélagsþróun og frjóu umhverfi framtaks og nýsköpunar.

Hér heima hefur skólagöngu yfirleitt ekki verið ábótavant, að minnsta kosti ekki í þéttbýli, þótt margir skólar og kennarar búi við þröngan kost. Á hinn bóginn hefur ekki verið lögð mikil rækt við æðri menntun, rannsóknir og þróunarstarf. Þetta má ráða af nýrri skýrslu Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) í París um vísindamál á Íslandi.² Þar kemur fram, að við Íslendingar skipum okkur á bekk með fátækustu þjóðum álfunnar (Írum, Spánverjum og Portúgölum) í framlögum til rannsókna og þróunarstarfs. Allan síðasta áratug vörðum við um þrisvar sinnum minna fé til slíkrar starfsemi miðað við landsframleiðslu en til að mynda Bandaríkjamenn, Þjóðverjar, Japanar og Svíar. Þessar þjóðir hafa notað um 2½%-3% landsframleiðslunnar til rannsókna og þróunarstarfs á móti ½%-1% hér heima. Hin Norðurlöndin önnur

² *Science, Technology and Innovation Policies: Iceland*, OECD, París, 1993.

en Svíþjóð hafa verið mitt á milli: vísindaframlögin þar hafa verið á bilinu 1½%-2% af landsframleiðslu.

IV. Erlend viðskipti

Flest þessara átta Asíulanda, en samt ekki öll, eru mjög opin fyrir erlendum viðskiptum. Singapúr er fremst í flokki. Erlend viðskipti þessa borgríkis, það er summa vöruútflutnings og innflutnings, jókst smám saman úr 212% af landsframleiðslu 1970 í 347% af landsframleiðslu 1988. Þetta er ekki prentvilla: útflutningur frá Singapúr nemur næstum tvöfaldri landsframleiðslu fólksins þar. Hong Kong er ekki langt að baki: þar jukust erlend viðskipti úr 150% af landsframleiðslu 1970 í 282% 1988. Næst kemur Malasía, þar sem viðskiptin uxu úr 89% af landsframleiðslu 1970 í 109% 1988. Þá kemur Tævan: þar námu viðskiptin 53% af landsframleiðslu 1970 og 90% 1988. Þar næst kemur Kórea, þar sem viðskiptahlutfallið hækkaði úr 32% í 66% á sama tíma. Öll þessi lönd hafa opnað sig. Hér er alls staðar átt við vöruviðskipti eingöngu í samræmi við skýrslu Alþjóðabankans, því að þjónustuviðskipti eru ekki talin með í skýrslunni af einhverjum ástæðum.

Japan er á hinn bóginn býsna lokað hagkerfi eins og önnur stór og fjölmenn lönd eru yfirleitt. Erlend viðskipti Japana með vörur og þjónustu námu ekki nema 18% af landsframleiðslu þeirra 1991. Svipuðu máli gegnir um Evrópusambandið og Bandaríkin, þar sem erlend viðskipti voru 21% og 23% af landsframleiðslu 1991, en þá þarf auðvitað að gæta að því, að mikil og blómleg viðskipti eiga sér stað innan Evrópusambandsins og Bandaríkjanna. Til

samanburðar nema erlend viðskipti allra landa heims um 40% af landsframleiðslu að jafnaði.

Í Afríku sunnan Sahara jukust utanríkisviðskipti úr 24% af landsframleiðslu 1970 í 45% 1988. Hér er aftur átt við vöruviðskipti eingöngu í samræmi við skýrslu Alþjóðabankans. Viðskipti jukust miklu minna í Suður-Ameríku eða úr 20% af landsframleiðslu í 23% á sama tíma og kvarða. Erlend viðskipti Suður-Ameríkubjóðanna stöðnuðu að nokkru leyti vegna rangrar gengisskráningar, sem bitnaði á útflutningi, á meðan Austur-Asíubjóðirnar gættu þess að haga gengismálum sínum þannig, að helztu útflutningsatvinnuvegir, einkum iðnaður, verzlun og þjónusta, gætu vaxið og dafnað. Þetta er ein skýringin á því, hvers vegna lífskjör víða í Suður-Ameríku hafa dregizt svo mjög aftur úr kjörum fólks í Austur-Asíu síðast liðinn mannsaldur.

Viðskipti við útlönd efla hagvöxt með því að beina framleiðslunni heima fyrir í frjóan og hagkvæman farveg. Frjáls viðskipti knýja framleiðendur (og neytendur) til að kaupa og selja aðföng og afurðir á heimsmarkaðsverði í stað heimabakaðrar verðafskræmingar í skugga samkeppnishafta og viðskiptahindrana. Frjáls samkeppni og viðskipti leiða til verðsamanburðar, sem endurspeglar raunverulegan kostnað við að framleiða vöruna heima í stað þess að flytja hana inn og við að neyta vörunnar heima heldur en að flytja hana út. Það er einmitt tilgangurinn. Þannig stuðla frjáls viðskipti að aukinni hagkvæmni í framleiðslu og fjárfestingu.

Með aukinni hagkvæmni batnar nýting fjármagns og annarra framleiðslugagna. Framleiðslugetan eykst. Hagvöxtur útheimtir ekki endilega síaukið fjármagn í gegnum nýja fjárfestingu. Nei, bætt nýting þess fjármagns,

sem fyrir er, getur skilað auknum hagvexti ekki síður en ný fjárfesting. Hagvöxtur snýst ekki aðeins um magn, heldur einnig um gæði. Þess vegna örvast hagvöxtur af erlendum viðskiptum.

Afnám samkeppnishaftra og viðskiptahindrana innan lands getur líka glætt hagvöxt einmitt með því að stuðla að betri nýtingu fjármagns. Einkavæðing þjónar sama tilgangi: hún er tæki til þess að bæta skipulag og rekstur með því að selja veikburða ríkisfyrirtæki í hendur hæfari eigenda og örva hagvöxt með því móti. Þessum augum þurfa menn líka að líta nauðsyn þess að halda verðbólgu í skefjum, því að stöðugt verðlag bætir fjárfestingu og fjármagnsnýtingu og stuðlar þannig að auknum hagvexti, þegar til lengdar lætur.

Erlend viðskipti okkar Íslendinga hafa staðið nokkurn veginn í stað sem hlutfall af landsframleiðslu síðan 1945. Þá var viðskiptahlutfallið 59%, síðan 50% 1955, svo 75% 1965, þá 79% 1975 og 82% 1985, en féll svo niður í 66% í fyrra, 1993. Hér er átt við bæði vörur og þjónustu. Okkur hefur ekki tekizt að efla utanríkisverzlun þjóðarinnar verulega síðast liðna hálfu öld. Þetta stafar meðal annars af rangri gengisskráningu, sem hefur miðast fyrst og fremst við þarfir og óskir sjávarútvegs á kostnað iðnaðar, verzlunar og þjónustu. Þessir atvinnuvegir hefðu að réttu lagi átt að vera aflvaki og vaxtarbroddur efnahagslífsins hér heima árum saman eins og í Austur-Asíu og víðar, en þeim hefur verið haldið niðri með ýmiss háttar ofdekri við sjávarútveg og landbúnað.

Svipuð mynd birtist, ef við berum þróun vöruútflutnings hér heima saman við Singapúr og Hong Kong (mynd 3). Erlend vöruviðskipti þessara landa voru þreföld til fjórföld á við vöruviðskipti okkar árið 1970 miðað við landsframleiðslu, og þau voru orðin fimmföld til sjöföld 1988. Utanríkisverzlun þeirra hefur aukizt

verulega þennan tíma, á meðan erlend viðskipti okkar hafa staðið í stað eða jafnvel dregizt saman.

Mynd 3 hér.

V. Indland og Kína

Árangur Austur-Asíuþjóðanna hefur ekki farið fram hjá nágrönnum þeirra í Indlandi og Kína, þar sem þriðjungur mannkyns á heima. Kínverjar hófu gagngerar efnahagsumbætur árið 1978, einkum með því að gefa markaðsöflum lausari taum en áður í landbúnaði. Ríkisbú voru seld í hendur bænda, og búskapurinn tók kipp. Uppsveiflan í landbúnaði sýndi og sannaði Kínverjum, að markaðsbúskapur borgar sig, og skapaði þannig svigrúm til aukins frjálsræðis annars staðar í hagkerfinu.

Hagvöxtur í Kína hefur verið nálægt 10% á ári, síðan umbæturnar hófust. Þjóðarframleiðslan þar hefur því næstum fjórfaldast þennan tíma. Það á eftir að koma í ljós, hvort þessi vöxtur getur haldið áfram enn um sinn og hvort hann samrýmist stöðugu verðlagi og áframhaldandi alræði kínverska kommúnistaflokksins. Margt bendir til þess, að Kínverjar þurfi að taka upp lýðræðislega stjórnarhætti á næstum árum til að varðveita og treysta þann árangur, sem þeir hafa náð í efnahagsmálum, því að markaðsbúskapur útheimtir jafnan lýðræði og öfugt.

Indverjar eru að ýmsu leyti betur í stakk búnir en Kínverjar, því að Indverjar hafa búið við lýðræði síðan 1947. Markaðsbúskapur er þeim ekki heldur framandi, þótt hagstjórnarhættir þeirra hafi að vísu borið meiri keim af áætlunar- og haftabúskap en markaðshyggju til skamms tíma. Indverjar búa að

starfhæfum bönkum og fjármálastofnunum, frjálsum fjölmiðlum, dómstólum, sem geta skorið úr ýmislegri réttaróvissu, og alþjóðlega gjaldgengri mynt, sem er sæmilega stöðug á gjaldeyrismarkaði. Af öllum þessum ástæðum þykir mörgum erlendum fyrirtækjum Indland vera fýsilegra til fjárfestingar en Kína. Framtíðarhorfur Indverja eru því að ýmsu leyti bjartari en Kínverja. Framvindan í þessum löndum varðar alla heimsbyggðina. Indverjar gætu hæglega orðið fjölmennasta þjóð heims með 1.500 milljónir manns eftir 30 ár.

VI. Hingað heim

Okkur Íslendingum hefur að sönnu tekizt margt mætavel á liðnum árum, en okkur hefur samt ekki miðað fram á við á þeim þremur meginsviðum, sem virðast hafa ráðið mestu um hagvaxtarundrið í Austur-Asíu síðast liðinn aldarfjórðung.

Fjármagn. Á meðan sparnaður jókst og fjárfesting batnaði í skjóli lítillar verðbólgu og stöðugs og frjós efnahagssumhverfis í Asíulöndunum átta, tendruðum við Íslendingar verðbólguþál, sem beindi fjármagni okkar í óhagfelldan farveg, ekki sízt með fyrirhyggjulausri offjárfestingu í sjávarútvegi og landbúnaði, sem stjórnvöld landsins hafa löngum haft og hafa enn sérstaka velþóknun á. Talsverður hluti fjárfestingar okkar frá fyrri tíð kemur því að litlu gagni til atvinnuuppbyggingar og efnahagsframfara -- og allra sízt í iðnaði, verzlun og þjónustu, sem yfirgnæfandi hluti þjóðarinnar (83%!) hefur atvinnu af. Mikið og ört vaxandi atvinnuleysi hér heima nú stafar að talsverðu leyti einmitt af þessu tvennu: of litlum sparnaði á verðbólguárunum og misheppnaðri eða

jafnvel glataðri fjárfestingu. Við höfum fjárfest í fortíðinni í stað þess að búa í haginn fyrir framtíðina.

Bankar og sjóðir hafa þurft að afskrifa alls um 40 milljarða króna síðustu ár vegna tapaðra útlána samkvæmt upplýsingum þeirra sjálfra. Það jafngildir yfir 10% af landsframleiðslunni á einu ári. Þetta er meira fé miðað við landsframleiðslu en nokkur nálæg þjóð hefur þurft að afskrifa í bankakreppu liðinna ára. Fyrir þetta fé hefði verið hægt að tvöfalda árlega fjárveitingu ríkisins til Háskóla Íslands, sem er fjölmennasti vinnustaður landsins, og meira en það í þúsund ár! Samt hefur enginn sætt ábyrgð á þessum gríðarlegu afskriftum. Bankar annars staðar á Norðurlöndum hafa margir hverjir brugðizt við kreppunni með því að skipta um stjórnendur og eru nú að rétta úr kútnum. Íslenskar lánastofnanir hafa á hinn bóginn ekki enn séð ástæðu til sams konar viðbragða nema Útvegsbankinn, þegar hann komst í þrot um árið.

Við þetta bætast svo byrðarnar, sem við höfum bundið okkur og börnum okkar með óhóflegum erlendum lántökum í stað innlends sparnaðar. Við þurfum því miður að súpa seyðið af þessum alvarlegu mistökum í mörg ár enn, trúlega langt fram yfir aldamót.

Menntun. Á meðan Asíuþjóðirnar efldu menntun og skólastarf handa öllum aldursflokkum jafnt og þétt, slógum við Íslendingar slöku við menntakerfið, vísindi, rannsóknir og þróunarstarf hér heima. Um þetta má hafa margt til marks. Við höfum til dæmis gert kennara að láglaunastétt smám saman, eins og allir vita, og dregið þrótt og metnað úr skólastarfi með því móti, þótt margt hafi samt tekizt vel í mörgum skólum landsins við mjög erfiðar aðstæður. Við höfum einkum og sér í lagi vanrækt skólastarf í dreifbýli með þeim árangri, að fólkið þar

hefur að jafnaði 1 til 1½ ári skemmri skólagöngu að baki en íbúar höfuðborgarsvæðisins.³ Þetta ástand hefur skaðað landbúnaðinn sérstaklega, því að góður og framsækinn landbúnaður gerir miklar menntunarkröfur til bænda hér heima ekki síður en í öðrum löndum. Japanskir barnakennarar hafa hærri byrjunarlaun en bankastjórar, af því að foreldrum og stjórnvöldum finnast börn skipta meira máli en peningar þar eystra. Japanar skilja, að einmitt það er bezta leiðin til að eignast bæði vel menntuð börn og mikið af peningum.

Og svo er eitt enn. Í skýrslu Alþjóðabankans er lögð rík áherzla á nauðsyn þess, að mikilvægar stofnanir ríkisins séu vel mannaðar og stjórnendur þeirra séu hæfir, reyndir og vel menntaðir til slíkra starfa. Við höfum vanrækt þetta hrapallega. Hér hafa stjórnámálamenn lagt undir sig hverja ríkisstofnunina á eftir annarri, til dæmis í bankakerfinu og tryggingakerfinu, með hörmulegum afleiðingum fyrir þessar stofnanir og fyrir þjóðfélagið allt. Útnefningarspillingin er mjög alvarleg meinsemd í okkar þjóðfélagi og leggur mikinn kostnað á fólkið og fyrirtækin í landinu langt fram í tímann.

Frjáls viðskipti. Á meðan Austur-Asíulöndin átta hafa flest opnað hagkerfi sín gagnvart umheiminum sem mest og fært sér kosti frjálsra viðskipta í nyt á flestum sviðum, höfum við Íslendingar hjakkað í sama fari að þessu leyti í fimmtíu ár eða því sem næst. Hlutdeild erlendra viðskipta í þjóðarframleiðslu okkar er litlu meiri nú en hún var í stríðslok 1945. Þetta stafar af því, að stjórnvöld hafa haldið áfram að hlaða undir landbúnað og sjávarútveg á alla lund og haldið iðnaði, verzlun og þjónustu niðri með því móti, meðal annars með rangri gengisskráningu krónunnar. Gengið hefur verið skráð of hátt áratugum

³ Sjá Stefán Ólafsson, *Lifskjör og lífshættir á Íslandi*, Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

saman eins og í mörgum þróunarlöndum, svo að iðnaður, verzlun og ýmiss konar þjónusta hafa ekki náð að vaxa og dafna sem skyldi. Þessi gengisstefna hefur hamlað eðlilegri atvinnuþróun, lamað framtak og nýsköpun í atvinnulífinu og beint fjármagni þjóðarinnar, bæði eigin sparifé og erlendu lánsfé, að óhagkvæmum atvinnurekstri. Allt þetta á nokkurn þátt í þeim langvinna efnahagssamdrætti, sem við sjáum ekki enn fyrir endann á. Hitt er þó enn uggvænlegra, að öll þessi mistök hafa dregið verulega úr hagvaxtarmöguleikum þjóðarbúsins mörg ár fram í tímann. Við eigum ennþá langt í land.

En við megum samt ekki missa kjarkinn. Við verðum að snúa vörn í sókn. Við þurfum að auka sparnað og bæta fjárfestingu og treysta fjármagnsgrundvöll þjóðarbúsins með því móti, þótt það taki tíma. Við þurfum að efla menntun á öllum skólastigum og almannafræðslu, ekki sízt á landsbyggðinni, og glæða jafnframt rannsóknir og þróunarstarf af ýmsu tagi, þótt það taki líka langan tíma og útheimti þrautseigju og þolinmæði. Og við þurfum að efla utanríkisviðskipti okkar og alþjóðasamstarf á sem flestum sviðum, ekki sízt með því að koma gengisskráningu krónunnar í skynsamlegt horf til frambúðar í samhengi við nauðsynlegar og löngu tímabærar skipulagsbreytingar í sjávarútvegi og landbúnaði.

Með þetta þrennt að bakhjarli -- fjármagn, menntun og frjáls viðskipti -- getum við þrátt fyrir allt horft björtum augum til framtíðarinnar. Þetta þrennt styður hvað annað. Það er til að mynda ekki nóg að hafa fjármagn á milli handa, ef menn hafa ekki þjálfun og þekkingu til að fara vel með féð. Og það er ekki nóg að þykjast vilja efla menntun og menningu þjóðarinnar, ef menn eru samt sem áður

fullir tortryggni gagnvart fjármunamyndun og frjálsum viðskiptum. Þetta er ekki þríréttaður matseðill, sem við getum valið einn rétt af án hinna. Við þurfum að gera allt þrennt.